

Dagbók

Í dag er 60. dagur ársins.
Sunnudagur 1. marz.
Vika af göu.
Árdegisflæði kl. 9:41.
Síðdegisflæði kl. 22:15.

Slysavörðstofa Reykjavíkur í Heilsværndarstöðinni er opin allan sólarhringinn. Læknayörður L.R. (fyrir vitjanir) er á sama stað frá kl. 18—8. — Sími 15030.

Naturvarzla vikuna 1. til 7. marz er í Ingólfs-apóteki, sími 11330.
Helgidagsvarzla er í Vesturbæjar-apóteki, sími 22290.

Holts-apótek og Garðs-apótek eru opin á sunnudögum kl. 1—4 eftir hádegi.

Hafnarfjarðarapótek er opið alla virka daga kl. 9—21. Laugardaga kl. 9—16 og 19—21. Helgidag kl. 13—16 og kl. 19—21.

Natur- og helgidagslæknir í Hafnarfirði er Ólafur Einarsson. Sími 50952. —

Keflavíkur-apótek er opið alla virka daga kl. 9—19, laugardaga kl. 9—16. Helgidaga kl. 13—16.

Kópavogs-apótek, Álfhólsvegi 9 er opið daglega kl. 9—20, nema laugardaga kl. 9—16 og helgidaga kl. 13—16. — Sími 23100.

□ MÍMIR 5959327 = 6

□ EDDA 5959337 — 1 Frl. Atkv.

I.O.O.F. 3 = 140328 =

Hjónaefni

S.l. Sunnudag opinberuðu trúlofun sína ungrú Briet Böðvarsdóttir, Tungumúla, Barðastr. og Einar Guðmundsson, Brjánslæk, Barðarströnd.

Um jólin opinberuðu trúlofun sína Sólveig Danielsdóttir, Innri-Njarðvík og Guðmundur Gestsson, Gufuskálum, Leiru.

Um jólin opinberuðu trúlofun sína Arný A. Jónsdóttir, Gufuskálum, Leiru og Helgi Gestsson, sama stað. —

AFMÆLI

75 ára er í dag Sigurður Ólafsson, fyrrverandi kennari, Hverfisgötu 55, Hafnarfirði.

Skipin

Skipadeild S.F.S.: — Hvassafell

för frá Hafnarfirði 26. f.m. Arnarfell er í Þorlákshöfn. Jökulfell lestar á Norðurlandshöfnum. Dísarfell fór frá Sas van Ghent 26. f.m. Litlafell er í ölfuflutningum í Faxaflóa. Helgafell fór frá Gullfport 27. f.m. Hamrafell fór frá Batumi 21. f.m.

Eimskipafélag Reykjavíkur h.f.: Katla er í Glomfjörð. — Askja er í Halifax.

Flugvélar

Flugfélag Íslands h.f.: — Hrímfaxi er væntanlegur til Rvíkur kl. 16:10 í dag frá Hamborg, Kaupmannahöfn og Ósló. — Innanlandsflug: Í dag er áætlað að fljúga til Akureyrar og Vestmannaeyja. Á morgun er áætlað að fljúga til Akureyrar, Ísafjarðar og Vestmannaeyja.

Félagsstörf

Dansk kvindeklub heldur fund þriðjudaginn 3. marz kl. 8,30 í Tjarnarkaffi.

Ymislegt

Orð lífsins: — Og þegar hann fór út úr Jeríkó og lærisveinar hans og mikill mannfjöldi, sat Bartímæus, sonur Tímæusar, blindur beiningamaður við veginn. Og er hann heyrði, að það væri Jesús frá Nazaret, tók hann að hrópa og segja: Davíðs sonur Jesús, miskunna þú mér! (Mark. 10).

★ **Minningsgjöld Styrktarfélags vangeinna** fást á eftirtöldum stöðum í Reykjavík: Bókaverzlun Braga Brynjólfssonar, Tóbaks- og sælgætisverzluninni, Laugavegi 8, Sigtúni 27 (símar 36096 og 32023), Njörvasundi 2 (sími 34941), Kvisthaga 9 (sími 18931). Auk þess í Bókaverzlun Olivers Steins, Strandgötu 39, Hafnarfirði og Verzluninni Grímu, Akranesi.

Barnasamkoma verður í Guðspekifélagshúsinu, Ingólfsstræti 22, kl. 2 e.h. í dag. — Sögð verður saga, farið í leiki, sýndar kvikmyndir og fleira. — Öll börn eru velkomin.

Afmælisfagnaður Hvatar er á mánudag í Sjálfstæðishúsinu, og hefst með borðhaldi kl. 7,30. Þær

konur sem ekki eru enn búnar að kaupa miða, fá þá í dag og til hádegis á morgun í Verzlun Egils Jacobsens, hjá Ástu Guðjónsdóttur, Suðurgötu 5, Gróu Pétursdóttur, Öldugötu 24, Dýrleifu Jónsdóttur, Freyjugötu 44 og Mariu Maack, Þinghólstræti 25.

Danskur frimerkjasafnari, Jørgen Mortensen, Strandkærvej 57, býst til að senda hverjum þeim, sem vilji senda sér 50—100 íslensk frimerki sömu tölu danskra frimerkja.

Kvenfélag Háteigssóknar hefur skemmtifund í borðsal Sjómanna-skólans, miðvikudaginn 4. marz kl. 8,30. Félagskonur mega taka með sér gesti.

Leiðrétting: — Í grein um norrænu listiðnaðarsýninguna í París í blaðinu í gær, féll niður nafn Ásgerðar Búadóttur, sem ásamt Júlíönu Sveinsdóttur átti myndvefnað á sýningunni. Þrjónles sýndu þær Þórdís Egilsdóttir og Jóhanna Jóhannsdóttir. Neðarlega í fyrsta dalki átti að standa: T. d. hefur eitt stærsta vöruhús Bandaríkjanna óskað eftir verðtilboði í stól úr perobavið með íslenzku áklæði, sem Nývirkir h.f. framleiðir eftir teikningu Sveins Kjarvals. — Ofarlega í öðrum dalki átti að standa: og þó þyrftu Danir að flytja inn flestar þær viðartegundir, sem notaðir eru.... Og ioks í fjórða dalki átti málsgrein að byrja þannig: Í skýrslu, sem Buggo Mahrt, blaðafulltrúi í norska sendiráðinu í París sendi heim....

K.F.U.M. og K., Hafnarfirði. — Á almennu samkomunni í kvöld, sem hefst kl. 8,30, talar Gunnar Sigurðsson, cand. theol. — Drengjafundur er kl. 1,30 og unglingafundur á mánudagskvöld kl. 8.

Barnablaðið Æskan, 2. töl. þessa árs, er komið út. — Blaðið hefst á grein eftir Kristín Stefánsdóttur um Jóhann Ögmund Oddsson áttáðan, en hann er afgreiðslumaður Æskunnar og hefur komið mjög við sögu hennar. — Frá bernskudögum Bjargar litlu, síðari hluti. Í flugferð með Sören og Önnu. — Eyjan dularfulla. Sagt er frá barnaleikritinu „Undraglerin“, sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu um þessar mundir. Hver heimsækir Norðurlönd í sumar? — sagt frá ritgerðasamkeppninni um íslenska hestinn, en frestur til að skila ritgerðum er útrunninn 1. apríl n.k. Þá er framhald greinarinnar um Charles Atlas, sem byrjaði í síðasta blaði. — Auk þessa er ýmis

legt annað „smáefni“, svo sem „Handavinnuhornið“, Frimerkjabátur, myndasögur o. m. fl. Blaðið er prýtt mörgum myndum og er hið snyrtilegasta að frágangi, sem fyrr.

Aheiti & samskot

Lamaði íþróttamaðurinn, afh. Mbl.: — Ömerkt í bréfi kr. 50,00. **Lamaða stúlkan**, afh. Mbl.: H S kr. 50,00; ómerkt í bréfi 50,00.

Gjafir og aheiti til SÍBS árið '58: Aheiti frá konu kr. 100; N N 50; F H 750; N N 100; N N 20; Frá Keflavík 138; frá Ísafirði 21; frá Hafnarfirði 71; frá Borgarnesi 50; frá Suðureyri 30; N N 200; frá Grindavík 184; frá Grafarnesi 100; frá Reyðarfirði 50; frá Patreksfirði 20; frá Reykjalundi 10,10; frá Vestmannaeyjum 2.448,95; frá Garði 20; frá Rvík 736; frá Siglufirði 715; „9. nóvember“ 50; Marta 100; E. Köbbelt 500; J B 100; frá Borðeyri 45. — Kærar þakkir. — S.I.B.S.

Aheiti og gjafir til Hvalsneskirkju: — Soffía Axelsdóttir, Keflavík, aheiti kr. 50; Gróa Axelsdóttir Sandgerði, aheiti 100; S G P 50; Sig. Guðmundsson frá Akrahól, aheiti, kr. 50; Til minningar um Jón Oddsson og Þuríði Einarssdóttur, Bæjarskeri 500; Einar Jónsson, Bæjarskeri 150; aheiti N N 200; Óskar Júlíusson 200; S 10; N N 150; N N 100; N N 200; Agnar Júlíusson, jólagjöf til kirkju

SLYSASAMSKOT

afhent Morgunblaðinu:

Söfnun vegna sjóslýsanna.

Starfsfólk Almenna byggingafélagsins h.f., kr. 2.800,00; starfsfólk Skógarðarinnar, Rauðararst. 31, kr. 800,00; N N 100,00; ónefndur 100,00; starfsmenn Borgarskóla 2.670,00; S A 100,00; Týnt upp af götunni 100,00; Marta 100,00; G V 100,00; Þorvaldur litli 100,00; K J 100,00; S P 500,00; K K 200,00; N N 150,00; G B S 150,00; starfsmenn Steypustöðvarinnar 3.000,00; N N 100,00; N N 1.730,00; J S 500,00; G S og H G 20, 100,00; Þ G 200,00; skipverjar b.v. Skúla Magnússon 2.850,00; frá J P og N 5.000,00; starfsfólk hjá J P og N 2.605,00; Á P E 100,00; Magnús og Ásdís, Hjarðarhaga 29, 200,00; Robert og Guðrún, Hjarðarhaga 29, 200,00; Hulda 3 ára 200,00; Þ G S 100,00; Ásta, Sulla, Svava J R 1.000,00; frá skipsfélagi 500,00; Sjálfstæðisvennafélagið Sókn, Keflavík 1.000,00; gjöf frá Sögninni h.f., Vélaskóflunni h.f. og Ingólfi B. Guðmundssyni 3.000,00; gjöf frá Ingólfi B. Guðmundssyni og starfsmönnum í Sögninni h.f. 1.400,00; litil stúlka 150,00.

Spurning dagsins

Hvað hlustið þér helst á í útvarpinu?

Sigurður Andrés Stefánsson (14 ára): — Alltaf á Hauk Hauks-son — maður, geimferðina og

Vogun vinnur. Svo auðvitað allt af á danslög og djass, kemur ekki fyrir, að ég missi af því. Svo líka stundum á leikrit og fréttir um Eisenhower og Krjúseff og alla þessa kalla, maður. Aldrei á sínfóniur, ég held nú ekki — en svolítið á klassísk lög, bara stundum.


Halldór Pétursson, listmálari: — Ég hlusta yfirleitt alltaf á góða músik, t.d. alltaf á þáttinn hans Gunnars Guðmundssonar.

Nú, á fréttirnar hlusta ég auðvitað, stundum á góð leikrit og annað smávegis, þáttinn hans Sveins t.d. — Aldrei nenni ég að hlusta á framhaldssögurnar og alltaf drep ég á útvarpinu, þegar jass og dægurlagasöngurinn glymur. Á mínu heimili er útvarpið aldrei opið nema þegar einhver hlustar. Mér finnst það hreinasta barbari að láta útvarpið glymja, þegar enginn hlustar. Ég vil meiri klassik.

Ingibjörg Mjöll Einarssdóttir (15 ára): — Ég hlusta á svo margt. Ég fylgist alltaf reglulega með íþróttabættinum og jass finnst mér alltof lítið af í útvarpinu. Jassþáttur ætti að vera a. m. k. einu sinni í viku, því að maður heyrir alltof sjaldan plötur með mönnum

um eins og Harry James og Benny Goodman. Mér finnst, að dægurlagaglamrið og söngurinn mætti frekar missa sig fyrir góðan jass. Þó er nú alltaf gaman að heyra í Helenu Eyjólfssdóttur og Hauki Morthens. Ég hlusta líka alltaf á kvæðalestur, finnst langskemmtilegast að heyra kvæði efir Stein Steinarr, enda er hann uppáhalds ljóðskáldið mitt. Og svo hlusta ég auðvitað á „Vogunina“ og þáttinn Um daginn og veginn. En leikritin leiðist mér, aldrei neitt almennilegt, oftast einhver endurtekin leiðindabævla.

Gunnar Bjarnason, hrossarektarráðgjafi: — Nú, maður fylgist með fréttunum að sjálf-sögðu, þáttum um íslenskt mál, fræðsluerindunum eftir hádegi á sunnudögum — og svo öllum hestasögum eins og að líkum lætur. Áð jafnaði hlusta ég ekki á annað í þessum dúr. Á hljómlistarvísu þykja mér skemmtilegastir Jón Leifs og Eggert Stefánsson — og á þá hlusta ég alltaf. Það er innlifun í þeirra músik, hún er kjarnamikil og þjóðleg. Ég nýt engs hljómlistarflutnings jafnvel. Auk þess hlusta ég venjulega á góð söngróðir og konserta, verulega gaman þykir mér að þjóðlegum söngvum — svo sem negrasöngvum, sem fluttir eru af negrunum sjálfum. Ekki hef ég neina ánægju af danslögum, loka þó venjulega ekki fyrir þau, því að strákarnir mínir vilja hlusta — og hlusta vel.



Um borð á skipinu var veiðihundur, sem vanur var fuglaveiðum. Dag nokkurn hegðaði hundurinn sér mjög undarlega. Hann stóð grafkyrr við borðstokkinn. Það var eins og hann hefði veður af landi, en ég vissi, að við vorum í a. m. k. 300 sjómílna fjarlægð frá nokkru landi. Hundurinn hreyfði sig ekki hið minnsta í heila klukkustund.




Ég vakti athygli skipstjórans á því, að við hlutum að vera nálægt landi og sennilega fyndi hundurinn þef af veiðifuglum. Þessi staðhæfing vakti mikla kæti meðal skipverja, en ég var auðvitað eftir sem áður viss í minni sök.



Að lokum sagði ég við skipstjóran, að ég treysti betur þefvisi Snata og kærði mig kollóttan um háð og spott skipshafnarinnar. Bauð ég honum að veðja 100 guineum um, að innan hálftrar klukkustundar myndu einhverjir veiðifuglar verða á vegi okkar.



Skipstjórinn skelliðló og það skipslækninn að athuga, hvort ég væri ekki með hitasótt, Læknirinn gerði það og sagði, að ég væri gallhraustur. Síðan tóku þeir að stinga saman nefjum, en ég heyrði hvert orð, sem þeir sögðu.



„Hann er ekki með öllum mjalla,“ sagði skipstjórinn. „Ég get ekki verið þekktur fyrir að veðja við hann.“ „Auðvitað tapar hann veðmálinu,“ sagði læknirinn. „En hann hefir sannarlega til þess unnið.“